

HB Grandi hf - Akranes  
Bárugötu 8-10  
300 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 29. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131100177/gsá

### Sjónarmið rekstraraðila móttækin - frestur veittur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 10. janúar 2014, þar sem áformað var að veita **fiskimjölverksmiðju HB Granda hf., Akranesi** áminningu vegna fráviks sem kom fram við reglubundið eftirlit þann 7. október sl. Frávikið sem um ræðir er eftirfarandi:


- Í eftirlitinu kom fram að ekki eru gerðar mælingar á frárennsli frá fitugildru, en skv. gr. 4.2 í starfsleyfi skal mæla árlega COD, fitu og svifagnir í fráveitu verksmiðjunnar, þ.m.t. frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði.


Í bréfinu frá 10. janúar sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir tímasettri áætlun rekstraraðila um úrbætur á þessu frávikum og var farið fram á að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en **24. janúar 2014**. Þann 27. janúar barst stofnuninni, með tölvupósti, áætlun um úrbætur og ósk um frest til úrbóta frá rekstraraðila. Þar kemur fram að rekstraraðili hefur gert samning við verkfræðistofnu Verkís um að sjá um þessar mælingar þegar verksmiðjan er komin í fullan gang og verður það væntanlega um mánaðarmótin febrúar/mars nk.

**Umhverfisstofnun fellst á þessa úrbótaráætlun og gefur rekstraraðila frest til 1. apríl 2014 til að skila inn niðurstöðum mælinga á frárennsli frá fitugildru.**

Niðurstöðum skal skila til stofnunarinnar á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur